

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur föstudaginn 5. febrúar 2021

Mál nr. E-3381/2020:

**Lúðvík Bergvinsson**

(*Jón Magnússon lögmaður*)

**gegn**

**Trausta Hafliðasyni og**

**Myllusetri ehf.**

(*Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður*)

## Dómur

Mál þetta var höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 25. maí 2020, þingfest 28. sama mánaðar og dómtekið að lokinni aðalmeðferð þess 11. janúar sl. Stefnandi er Lúðvík Bergvinsson, Hverfisgötu 96, Reykjavík en stefndu eru Trausti Hafliðason, Ofanleiti 19, Reykjavík og Myllusetur ehf., Ármúla 10, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi kröfur í liðum 1-4 á hendur stefnda, Trausta Hafliðasyni:

1. Að eftirfarandi ummæli, í greininni „Hjörtun í Namibíu og Borgartúni“ sem birt var, annars vegar í Viðskiptablaðinu í 14. tbl. 27. árg. þann 8. apríl 2020 á bls. 12, og hins vegar á vefsíðu Viðskiptablaðsins þann 13. apríl 2020, verði dæmd dauð og ómerk:

A. „Við blasir að efasemdirnar um Lúðvík voru ekki minni, sérstaklega vegna vináttunnar við aðstoðarforstjórnann. Því jafnvel þó svo hann hafi þar hvergi komið nærri að nokkru leyti, þá leit það ekki þannig út og burtskýringin kom ekki fyrr en eftir að efasemdirnar höfðu komið fram á opinberum vettvangi. Sem sagt um seinan. Fyrir þá vini báða, Lúðvík og Ásgeir, Samkeppniseftirlitið og góða stjórnarsýslu.“

B. „Þessar fréttir af Samkeppniseftirlitinu og óheyrilegum kostnaði við eftirlit með samruna eru án efa tilefni í einn safaríkan Kveiks-þátt. Óðinn hlakkar raunar til að sjá Helga Seljan rannsaka þessa hliðstæðu. Hann getur varla látið svona tækifæri fram hjá sér fara. Þeim virðist svipa saman hjörtunum, í Namibíu og Borgartúni.“

C. „Öll skynsemis- og réttlætisrök virðast hníga að því að Festi kæri kunnáttumanninn fyrir tilhæfulausa reikninga.“

2. Að stefndi, Trausti Hafliðason, ritstjóri og ábyrgðarmaður Viðskiptablaðsins, verði dæmdur til refsingar vegna ofangreindra ummæla og birtingar þeirra skv. 234. gr., 235 gr., 236. gr. og 237. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Að stefndi, Trausti Hafliðason, verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.000.000 króna í miskabætur skv. b-lið 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.

4. Að stefndi, Trausti Hafliðason, verði dæmdur til að greiða stefnanda 522.493 krónur til að kosta birtingu dóms í málinu, þ.e. forsendur og dómsorð, í viðlesnu dagblaði skv. 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Að stefndi, Myllusetur ehf., verði dæmt til að birta forsendur og dómsorð í máli þessu í prentmiðlinum Viðskiptablaðið og á netútgáfunni vb.is eigi síðar en 7 dögum eftir að dómur gengur, að viðlögðum dagsektum að fjárhæð 25.000 krónur fyrir hvern dag sem líður umfram áðurgreindan frest án þess að birting fari fram skv. 59. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

6. Á hendur báðum stefndu krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu að teknu tilliti til virðisaukaskatts þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili.

Stefndu, Trausti Hafliðason og Myllusetur ehf., krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

## I

### Yfirlit helstu málsatvika

Mál þetta er sprottið af birtingu greinar eða umfjöllunar á bls. 12 í 14. tölublaði, 27. árgangi, Viðskiptablaðsins, 8. apríl 2020, eftir ónafngreindan einstakling en undir dulnefninu „Óðinn“. Greinin bar heitið heitið „Hjörtun í Namibíu og Borgartúni“. Fram kemur í greinargerð stefndu að „Óðinn“ sé skoðanapistill sem birst hafi vikulega í Viðskiptablaðinu frá árinu 1995. Greinin var nokkrum dögum síðar, eða 13. apríl 2020, einnig birt í heild sinni á vefsíðu Viðskiptablaðsins [www.vb.is](http://www.vb.is). Stefndi, Myllusetur ehf., er útgáfufélag Viðskiptablaðsins en stefndi, Trausti, er ritstjóri þess. Nokkru áður eða 25. mars 2020 birtist í Fréttablaðinu frétt með fyrirsögninni „Um 33 milljóna króna kostnaður af störfum Lúðvíks“. Með fréttinni fylgdi ljósmynd af stefnanda og greint var frá nafni hans og starfsheiti. Þá birtist einnig frétt á innsíðum blaðsins sama dag um sama efni og síðar eða 1. apríl 2020 var birt frétt á forsíðu blaðsins með fyrirsögninni „Áttfalt hærrí kostnaður“. Þá var einnig fjallað nánar um málið á innsíðum blaðsins sama dag. Þá birtist frétt á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins 25. mars 2020 í tilefni af framangreindri umfjöllun Fréttablaðsins sama dag sem bar yfirskriftina: „Vegna fréttáflutnings í Markaði Fréttablaðsins“. Þá birtist grein eftir forstjóra Samkeppniseftirlitsins á vefsvæði Kjarnans 13. apríl 2020 sem bar heitið: „Þegar hagsmunabaráttan fer yfir strikið“ þar sem framangreind umfjöllun Viðskiptablaðsins og Fréttablaðsins er gerð að umtalsefni.

Fram kemur í stefnu að stefnandi, sem sé lögmaður, starfi m.a. sem óháður kunnáttumaður samkvæmt sátt sem N1 ehf. og Festi hf. gerðu við Samkeppniseftirlitið á árinu 2018 í kjölfar þess að Samkeppniseftirlitið samþykkti samruna félaganna tveggja. Hafi honum sem slíkum verið ætlað að fylgja eftir og hafa eftirlit með þeim aðgerðum og fyrirmælum sem kveðið var á um í sáttinni. Forstjóri N1/Festi hefði tilnefnt þrjá einstaklinga sem hann taldi hæfa til starfans og hefði stefnandi verið einn þeirra. Hafi

farið svo að Samkeppniseftirlitið skipaði stefnanda í starfið, að undangengnu hæfismati, og stefnandi hafi gegnt starfinu frá haustinu 2018. Í umræddri grein Viðskiptablaðsins sé kostnaður af störfum stefnanda sem óháðs kunnáttumanns gerður að umfjöllunarefni. Einnig sé fjallað um tengsl stefnanda við aðstoðarforstjóra Samkeppniseftirlitsins og ýjað að því að stefnandi hafi verið skipaður til starfans sem óháður kunnáttumaður vegna tengsla og vinskapar við hann. Þá sé í greininni látið í veðri vaka að stefnandi hafi haft fjármuni af N1/Festi með ólögmatum hætti og þannig gefið í skyn að hann hafi gerst sekur um alvarleg hegningarlagabrot. Sé stefnanda jafnframt gefin að sök fégræðgi og spilling og störfum stefnanda jafnað við þjóðþekkt mál sem til umfjöllunar hafi verið í fjölmiðlum haustið 2019 og varðaði Samherja hf. og ætlaðar mútugreiðslur til embættismanna í Namibíu.

Með tölvuskeyti 6. maí 2020 fór lögmaður stefnanda þess á leit við stefnda, Trausta, að áður nefnd umfjöllun í Viðskiptablaðinu og á vefsíðu blaðsins yrði dregin til baka og stefnandi beðinn afsökunar á rangri og tilhæfulausri umfjöllun blaðsins sem væri mjög meiðandi fyrir hann. Var farið fram á að þetta yrði gert bæði í blaðinu og á vefsíðunni með jafn áberandi hætti og umfjöllunin hefði verið á þessum miðlum á sínum tíma. Jafnframt var þess krafist að ummælin sem greinir í kröfugerð stefnanda yrðu dregin til baka, ummælin lýst röng og ómerk og stefnandi beðinn velvirðingar á mistökum blaðsins.

Þessu var hafnað í svarskeyti stefnda 18. maí 2020. Þar kom fram að í ummælunum fælust engar umdeildar eða rangar staðhæfingar heldur væri þar einungis um að ræða ályktanir, gildisdóma og skoðanir á máli í opinberri umræðu sem lesendum væri eftirlátið að taka afstöðu til. Þá sagði að fallist væri á að í skrifum Óðins hefðu verið viðruð sjónarmið sem stefnandi vildi ef til vill ekki sitja undir og því væri honum boðið að koma á framfæri andsvari í samræmi við 1. mgr. 36. gr. fjölmiðlalaga sem yrði birt bæði í blaðinu og á vefsíðu þess. Því var hafnað með tölvuskeyti lögmanns stefnanda 21. maí 2020. Mál þetta höfðaði stefnandi svo á hendur stefndu 26. maí 2020.

## II

### Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að með hinum umstefndu ummælum hafi stefndi vegið, með ólögmatum og einstaklega grófum hætti, að æru og starfsheiðri stefnanda og m.a. gefið honum að sök að hafa gerst brotlegur gagnvart almennum hegningarlögum.

Hvað varði aðild og ábyrgð stefnda, Trausta, kveðst stefnandi vísa til þess að stefndi sé, og hafi verið á þeim er umrædd grein birtist í Viðskiptablaðinu og á vefsíðu fjölmiðilsins, ritstjóri Viðskiptablaðsins og þannig ábyrgðarmaður fjölmiðilsins, sbr. 3. tölulíð 2. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Í ljósi þess að umrædd grein hafi ekki verið birt í nafni nafngreinds blaðamanns sé það stefndi, Trausti, sem ábyrgðarmaður

fjölmiðilsins, sem beri refsí- og fébótaábyrgð á ritefninu, sbr. c-lið 1. mgr. 51. gr. áðurnefndra laga. Hvað varði aðild stefnda, Mylluseturs ehf., vísar stefnandi til þess að um sé að ræða útgáfufélag Viðskiptablaðsins sem starfræki fjölmiðilinn.

Stefnandi krefst ómerkingar á þeim ummælum sem nánar eru tiltekin í kröfugerð hans. Í ummælum í A-lið í kröfulið 1 sé gefið í skyn að efasemdir hafi verið um réttysíni, hæfi og hagsmunaleysi stefnanda í tengslum við skipun hans sem óháðs kunnáttumanns, og að stefnandi hafi verið skipaður í starfið vegna vinskapar við aðstoðarforstjóra Samkeppniseftirlitsins. Hið rétta sé að forstjóri N1/Festi hafi haft samband við stefnanda símleiðis, að eigin frumkvæði, og farið þess á leit að stefnandi tæki starfann að sér. Stefnandi hafi samþykkt það og hafi farið svo að forstjórinn tilnefndi hann til starfans, ásamt tveimur öðrum einstaklingum. Stefnandi hafi svo verið skipaður í starfið af Samkeppniseftirlitinu haustið 2018 að undangengnu hæfismati.

Stefnandi telur að ekki sé nokkur fótur fyrir ummælunum og að með þeim sé vegið alvarlega að æru hans og starfsheiðri. Bendir stefnandi sérstaklega á að Samkeppniseftirlitið hafi með frétt sem birt var þann 25. mars 2020 á vefsvæði stofnunarinnar upplýst um skipunarferli stefnanda, hæfismat sem stefnandi hafi undirgengist og að stjórnendur eða starfsmenn Samkeppniseftirlitsins hafi ekki verið í aðstöðu til þess að tryggja tengdum aðilum starfið eða haft fjárhagslegan ávinning af því. Þetta hafi verið gert áður en hin umstefndu ummæli voru birt. Ummælin hafi þannig verið sett fram á opinberum vettvangi gegn betri vitund og með þeim dróttað að stefnanda, virðingu hans og æru til hnekkis.

Í ummælum í B-lið í kröfulið 1 sé gefið í skyn að starfi stefnanda sem óháðs kunnáttumanns og tengslum stefnanda við Samkeppniseftirlitið megi jafna við mál er varði Samherja hf. og ætlaðar mútugreiðslur til embættismanna í Namibíu. Sé stefnanda með ummælunum gefin að sök fégræðgi, að kostnaður við störf hans sé ótilheyrilegur og þannig óeðlilegur og að stefnandi sé hluti af einhvers konar meintri spillingu samkeppnisyfirvalda á Íslandi. Þá sé til þess vísað að tilefni sé til þess að rannsaka sérstaklega tengsl stefnanda og Samkeppniseftirlitsins og störf stefnanda sem óháðs kunnáttumanns og fjalla sérstaklega um það í þekktum rannsóknarblaðamennskupætti í fjölmiðlum og þannig gefið í skyn að stefnandi og Samkeppniseftirlitið hafi haft rangt við og e.t.v. gerst sek um refsiverð brot samkvæmt almennum hegningarlögum. Séu ummælin sett fram þrátt fyrir að ekki sé nokkur fótur fyrir þeim og þau ekki til neins annars fallin en að flekka mannorð stefnanda, sem eins og gefi að skilja og sökum starfa sinna og stöðu í þjóðfélaginu, hafi mikla hagsmuni af því að mannorð hans, æra og starfsheiður, haldist óflekkuð.

Ummæli í C-lið í kröfulið 1 séu sett fram í framhaldi af umfjöllun um kostnað sem Festi hf. hafi haft af störfum stefnanda sem óháðs kunnáttumanns og tilvísanir séu til tengsla stefnanda við aðstoðarforstjóra Samkeppniseftirlitsins. Hvort heldur sem

ummælin séu metin sjálfstætt eða í samhengi með öðrum ummælum telji stefnandi ljóst að í þeim felist gróf ásökun þess efnis að stefnandi hafi gerst sekur um að hafa haft fé af N1/Festi með tilhæfulausum reikningum. Slík brot teljist fjársvik og skjalafals og geti varðað fangelsisrefsingu, sbr. 248. gr. og 155. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin séu með öllu tilhæfulaus. Í grein forstjóra Samkeppniseftirlitsins, sem birtist á vefsvæði Kjarnans þann 13. apríl 2020, hafi t.d. komið fram að Festi hafi aldrei gert athugasemdir við gjaldtöku stefnanda vegna starfa hans sem óháður kunnátumaður og að félagið hafi heldur aldrei óskað eftir því að Samkeppniseftirlitið gripi inn í vegna gjaldtökunnar. Þetta geti stefnandi auk þess staðfest. Þá sé rétt að geta þess að þær fjárhæðir sem settar séu fram í umræddri grein sé einfaldlega ekki réttar, í reynd langt frá því að vera réttar, án þess þó að það varði nákvæmlega kjarna þessa máls.

Stefnandi byggir á því að með öllum hinum umstefndu ummælum hafi verið vegið harkalega gegn stefnanda, æru hans og starfsheiðri. Stefnandi sé þjóðþekktur einstaklingur. Hann hafi lengi vel starfað á Alþingi Íslendinga, eða alls í 14 ár á árunum 1995-2009, en hafi frá þeim tíma starfað sem lögmaður á lögmannsstofu sinni Bonafide og eigi að baki langan og flekklausan feril sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Með öllum hinum umstefndu ummælum sé honum gefin að sök refsiverð og siðlaus háttsemi sem eigi sér enga stoð í raunveruleikanum.

Stefnandi telur liggja í augum uppi, þegar birting umræddrar greinar og umstefndra ummæla sé skoðuð, að ásetningur og tilraunir stefndu til þess að sverta mannorð hans sé augljós. Þannig hafi í undirfyrirsögn greinarinnar á vefsíðu fjölmiðilsins sérstaklega verið tekin upp þau ummæli sem krafist sé ómerkingar á í C-lið hér að framan, þar sem stefnanda séu gefin að sök hegningarlagabrot, fjársvik og skjalafals. Þá séu sömu ummæli jafnframt tekin upp í fyrirsögn á Fésbókarsíðu fjölmiðilsins þegar tengli á umrædda grein á vefsíðu fjölmiðilsins hafi verið deilt, sama dag og greinin birtist þar.

Þá liggja fyrir að umrædd grein hafi fengið mikla dreifingu. Greinin hafi verið mest lesna greinin á vef fjölmiðilsins þá vikuna sem hún hafi birst. Auk þess hafi tengill á hana verið birtur á Fésbókarsíðu fjölmiðilsins sama dag og hún birtist á vef hans, en fylgjendur fjölmiðilsins á þeim miðli séu tugir þúsunda. Þá bendir stefnandi einnig á að fjölmiðillinn kosti auglýsingar á samfélagsmiðlinum þannig að innlegg sem fjölmiðillinn birtir á Fésbókarsíðu sinni, t.a.m. tenglar á greinar sem birtast á vefsíðu hans, dreifist til einstaklinga sem ekki séu fylgjendur fjölmiðilsins á samfélagsmiðlinum. Sé því ljóst að dreifing á umræddri grein og umstefndum ummælum hafi verið mjög mikil.

Stefnandi kveðst byggja á því að hin umstefndu ummæli séu ærumeiðandi og feli í sér brot gegn 234. gr. almennra hegningarlaga. Þá telji stefnandi að hluti ummælanna feli einnig í sér ærumeiðandi aðdróttanir og feli þannig í sér brot gegn 235. gr. laganna. Þá byggir stefnandi jafnframt á því að ummælin hafi verið höfð í frammi, birt og borin

út gegn betri vitund, sbr. 1. og 2. mgr. 236. gr. þeirra. Því beri að ómerkja ummælin með vísan til 1. mgr. 241. gr. sömu laga. Öll hin umstefndu ummæli séu ósönn, óviðurkvæmileg, tilhæfulaus og smekklaus og til þess fallin að sverta æru stefnanda. Hagsmunir stefnanda af því að fá ummælin dæmd dauð og ómerk séu því miklir.

Krafa stefnanda um miskabætur úr hendi stefnda, Trausta, byggi á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, enda sé um að ræða skýr og ótvíræð brot á réttarreglum sem ætlað sé að vernda æru stefnanda, sbr. 235. gr. eða 236. gr. almennra hegningarlaga. Stefndi, Trausti, hafi með birtingu umræddrar greinar vegið með alvarlegum hætti að æru stefnanda og framið ólögmæta meingerð gagnvart stefnanda sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á. Það liggi ljóst fyrir að virðing stefnanda hafi beðið hnekki, sem og æra hans og persóna. Stefndi sé þjóðþekktur einstaklingur og sú umfjöllun sem finna megi um stefnanda í umræddri grein sé rætin og á hann bornar alvarlegar sakir um lögbrot. Ummælin séu ærumeiðandi aðdróttanir sem séu bæði rangar og bornar út og birtar opinberlega.

Með því að birta umrædda grein hafi stefndi, Trausti, brotið gegn 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga sem séu réttarreglur sem ætlað sé að vernda æru stefnanda sem og að vernda hann gegn því að virðing hans beri álitshnekki vegna tilhæfulausra aðdróttana. Þá hafi með birtingunni verið brotið gegn rétti stefnanda til æruverndar og friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.

Með vísan til framangreinds telji stefndi ljóst að hann eigi rétt á miskabótum úr hendi stefnda að fjárhæð 3.000.000 króna en fjárhæðin taki mið af alvarleika aðdróttana stefnda. Miskabótakrafa stefnanda sé því hófleg en stefndi hafi ákveðið að verja tildæmdum miskabótum að fullu til góðgerðarmála.

Verði stefndi, Trausti, dæmdur sekur um ærumeiðandi ummæli skv. 234, 235, eða 236. gr. laga nr. 19/1940 byggi stefndi á því að skilyrði séu til að dæma hann til greiðslu hæfilegrar fjárhæðar til stefnanda þannig að hann geti staðið straum af birtingu dómsins, þ.e. forsendum og dómsorði í útbreiddu dagblaði sbr. 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Miðað sé við verðskrá Morgunblaðsins eins og hún sé gefin upp á vefmiðlinum [www.mbl.is](http://www.mbl.is) á útgáfudegi stefnu. Með þessu yrði stefnanda gefinn kostur á að rétta hlut sinn og upplýsa almenning um að hin umstefndu ummæli hafi verið ólögmæt og meiðandi. Í því efni verði að hafa í huga að ummælin hafi fengið verulega útbreiðslu bæði í prent- og netmiðli Viðskiptablaðsins. Prentútgáfan hafi blasað við viðskiptavinum helstu verslana landsins í heila viku og um hafi verið að ræða mest lesnu fréttina á netmiðli Viðskiptablaðsins þá vikuna.

Stefndi kveðst gera þá kröfu á hendur stefnda, Myllustrinu ehf., að forsendur og dómsorð dóms í máli þessu verði birt eigi síðar en 7 dögum eftir að dómur gengur, bæði í útgefnu tölublaði Viðskiptablaðsins og á vefsíðu fjölmiðilsins, [www.vb.is](http://www.vb.is), að

viðlögðum dagsektum að fjárhæð 25.000 krónur fyrir hvern dag sem líði umfram áðurgreindan frest, án þess að birting fari fram. Um lagastoð birtingarkröfunnar vísi hann til 59. gr. laga nr. 38/2001.

### III

#### Helstu málsástæður og lagarök stefndu

Stefndi, Trausti, byggir á því að sýkna beri hann af kröfu um ómerkingu ummæla í staflíðum A og B í kröfulið 1 á grundvelli aðildarskorts enda sé þeirri gagnrýni sem fram komi í þessum ummælum beint að Samkeppniseftirlitinu en ekki stefnanda.

Í ummælunum í staflíð A sé fallist á skýringar Samkeppniseftirlitsins frá 25. mars 2020 þar sem því var mótmælt að eftirlitið hefði hlutast til um skipun stefnanda og greint frá því að aðstoðarforstjóri Samkeppniseftirlitsins hefði ekki komið að hæfismatinu. Í ummælunum hafi hins vegar verið bent á að vegna vinskapar stefnanda og aðstoðarforstjórans, sem fjallað hefði verið um í Fréttablaðinu og víðar, hafi efasemdir óhjákvæmilega kviknað. Það sé nefnilega þannig að stjórnslá þurfi ekki bara að vera rétt heldur þurfi hún líka að líta út fyrir að vera rétt gagnvart almenningi. Þessum ummælum sé því augljóslega beint að Samkeppniseftirlitinu þó að stefnandi komi óhjákvæmilega þar við sögu. Ummælunum í staflíð B hafi síðan augljóslega verið beint að Samkeppniseftirlitinu sem sé með aðsetur í Borgartúni 26, Reykjavík enda sé þar engum orðum vikið að stefnanda. Þegar af þessum ástæðum beri að sýkna stefnda af ómerkingu ummæla í staflíð A og B í kröfulið 1 í stefnu vegna aðildarskorts.

Þá byggir stefndi á því að sýkna bera hann af ómerkingu ummæla í staflíðum A, B og C þar sem ummælin innihaldi hvorki ærumeiðandi móðganir né aðdróttanir í garð stefnanda. Með ummælunum í staflíð A hafi í engu verið efast um réttssýni, hæfi eða hagsmunaleyzi stefnanda heldur bent á að ýmsar efasemdir hefðu þá þegar verið komnar fram, sem lutu að störfum og ásýnd Samkeppniseftirlitsins. Óumdeilt sé að náinn vinskapur stefnda við aðstoðarforstjóra Samkeppniseftirlitsins hafði vikið athygli og sett málavexti í nýtt samhengi. Sá vinskapur hafði verið gerður að umtalsefni í Fréttablaðinu 25. mars undir fyrirsögninni „Háar greiðslur“. Umfjöllunin um þau tengsl hafi Samkeppnisyfirlitinu þótt vekja nægilegar efasemdir um stjórnslá stofnunarinnar til þess að samdægurs hafi verið sérstaklega að þeim vikið í athugasemd á vef stofnunarinnar. Með því að skýra frá málinu og leggja út frá því hafi ekki í neinu verið dróttað að stefnanda, hvað þá þannig að virðing eða æra hans hafi beðið hnekki af þeim völdum. Allt hafi þetta verið í samræmi við áður birta fjölmiðlaumfjöllun, athugasemdir Samkeppniseftirlitsins og önnur fyrirliggjandi gögn.

Hvað varði ummælin í staflíð B þá virðist stefnandi lesa eitthvað allt annað í tilvitnuð orð en þar standi. Óvenjulega hár kostnaður hjá hinu opinbera eða kostnaður annarra vegna stjórnvaldsaðgerða þess sé algengt og sjálfsagt umfjöllunarefni fjölmiðla,

hvort heldur sé í fréttum eða skoðanaskrifum. Hvað varði samlíkinguna við Namibíumálið þá snúi hún annars vegar að efnistöfum Kveiks og hins vegar að ásýnd stjórnsýslu Samkeppniseftirlitsins. Þar hafi í engu verið vikið að stefnanda enda sé hann aukaatriði í málinu. Þar sé fjallað um hjörtun í Namibíu, sem Kveikur hafði fjallað um með sínum hætti, og Borgartúni, sem Óðinn taldi tímabært að Kveikur beindi sjónum að. Með Borgartúni sé vitaskuld verið að vísa til Samkeppniseftirlitsins sem sé til húsa að Borgartúni 26, ekki stefnanda sem hafi enga sérstaka tengingu við þá götu svo vitað sé.

Í tilvitnuðum orðum sé engu haldið fram um fégræðgi stefnanda og enn síður að hann hafi haft rangt við eða gerst sekur um lögbrot. Hins vegar sé sagt að kostnaðurinn sé „óheyrilegur“ sem vísi til fyrri orða í greininni, sem eigi sér beina stoð í frétt Fréttablaðsins 1. apríl 2020, um átta sinnum minni kostnað við samruna sambærilegra og stærri fyrirtækja. Það viðhorf hafi verið undirstrikað í nafnlausum skoðanadálki sama tölublaðs Fréttarblaðsins og sagt að hinar „háu greiðslur“ vektu „þó nokkra athygli“.

Í stefnu sé því haldið fram að ummælin séu ekki til neins annars fallin en að flekka mannorð stefnanda. Stefndi telur að efni greinarinnar megi vera hverjum lesanda ljóst. Stefnandi sé þar aukaatriði en ekki sé unnt að segja frá tildrögum málsins án þess að gera grein fyrir þætti hans og nafngreina. Það sé, þrátt fyrir það sem haldið sé fram í stefnunni, gert án þess að horfa sérstaklega til starfa hans eða væna hann um neitt, annað en það sem sagt hafi verið fullum fetum, að stefnandi hafi sent Festi óvenjuháa reikninga.

Ábendingar um kostnað fyrirtækja vegna opinbers regluverks eigi sérstakt erindi við lesendahóp Viðskiptablaðsins, sem og ábendingar um verðlagningu hjá stoðstéttum viðskiptalífsins. Í þessu sambandi megi jafnframt benda á að Samkeppniseftirlitið hafi sjálft hvatt til virks verðlagseftirlits almennings.

Hvað varði ummælin í staflið C bendir stefndi á að þau séu ranglega tilgreind í stefnunni en stefnandi setji punkt fyrir aftan orðið „reikninga“ og hafi innan gæsalappa. Þessi framsetning sé villandi því setningin sé lengri og það sem á eftir komi hafi mikil áhrif á merkinguna. Þar hafi verið látin í ljós skoðun, líkt og lögð hafi verið áhersla á með orðinu „virðast“, á því hvað Festi gæti tekið til bragðs, til þess að leita réttar síns vegna þessara háu reikninga stefnanda.

Eðli málsins samkvæmt hafi þar verið nærtækast að ætla að félagið myndi kæra/kvarta yfir reikningum við Samkeppniseftirlitið eða áfrýjunarnefnd samkeppnismála líkt og Festi hefði raunar áður gert, vegna kaupa stefnanda á sérfræðiþjónustu um það sem hann átti þó að vera kunnátumaður um, þvert á það sem fullyrt sé í stefnunni, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 5/2019 frá 12. mars 2020. Í þessum orðum hafi ekki falist nein ásökun um refsiverða háttsemi, aðeins að skynsemis- og réttlætisrök stæðu til þess að Festi leitaðist við að fá reikninga stefnanda endurskoðaða. Þar að auki hafi verið gerður fullnægjandi fyrirvari við þessa skoðun Óðins með orðinu „virðist“. Eða, eins segir reyndar berum orðum í síðari hluta



setningarinnar en stefnandi kjósi að láta ógetið „[...] eða bjóði honum að minnsta kosti að endurgreiða félaginu“. Síðari hluti setningarinnar taki því af allan vafa um það að stefndi sé ekki að ásaka stefnanda um refsiverða háttsemi heldur sé það einfaldlega skoðun Óðins að reikningarnir hafi verið óhæfilega háir eins og hann hefði fært rök fyrir með tilvísun til reikningsgerðar sérstaks kunnáttumanns Haga. Það sé daglegt brauð í viðskiptum að verkkaupa og verktaka greini á um fjárhæð reiknings án þess að grunur eða ásanir um refsiverða háttsemi búi þar að baki og séu ýmsar leiðir til þess að leysa slíkan ágreining eins og Óðinn hafi leyft sér að benda á.

Líkt og umstefnd ummæli beri með sér sé þungi í orðum Óðins, svo sem umfjöllunarefnið og almenn efnistöð dálks á sviði þjóðmálaumræðu dagsins krefjist, en þar séu ekki höfð uppi nein hróp, ósæmilegt orðbragð eða svigurmæli. Lesendur kunni að draga eigin ályktanir um framgöngu stefnanda, en hin umstefndu ummæli hafi hvorki verið til þess ætluð né fallin að svarta æru stefnanda.

Það sé ljóst að hver og ein hinna umstefndu ummæla séu gildisdómar en ekki staðhæfingar um staðreyndir. Því til stuðnings sé vísað til umfjöllunar hér að ofan um kröfu stefnda um sýknu af ómerkingarkröfu stefnanda. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar og mannréttindadómstóls Evrópu hafi ummæli verið flokkuð annars vegar í gildisdóma og hins vegar staðhæfingar um staðreyndir. Meginmunurinn er sá að ekki sé hægt að sanna gildisdóma. Gildisdómar séu skilgreindir rúmt í dómaframkvæmd mannréttindadómstólsins. Mat dómsins á því hvort ummæli teljist staðhæfing um staðreynd eða gildisdómur fari fram með því að ummæli séu skoðuð í samhengi við málsatvik, í samhengi við önnur ummæli í umfjöllun, efni umfjöllunar í heild sinni og með tilliti til stöðu málsaðila. Þá leggi dómurinn til grundvallar táknræna eða yfurfærða merkingu orða fremur en bókstaflega merkingu. Þannig sé almennt ekki fullnægjandi að byggja á því að einstakar setningar eða orð í lengri umfjöllun teljist staðhæfingar um staðreyndir, ef umfjöllunin í því samhengi sem hún er sett, felur í heild sinni í sér gildisdóm. Hvort heldur sem hin umstefndu ummæli séu skoðuð einangruð eða sem hluti af skoðanagrein Óðins sé ljóst að ummælin séu gildisdómar en ekki staðhæfingar um staðreyndir. Lesendur kunni, sem fyrr segi, að draga eigin ályktanir um framgöngu stefnanda, en hin umstefndu ummæli hafi hvorki verið til þess ætluð né fallin að svarta æru stefnanda.

Stefndi byggir á því að þær skoðanir sem hafi birst í Óðni 8. apríl 2020 hafi verið innlegg í umræðu um mikilvæg þjóðfélagsleg málefni sem hafi varðað ríka almannahagsmuni. Það eigi hvort heldur sem er við þegar horft sé á umfjöllunina í heild eða einstök ummæli, m.a. hin umstefndu ummæli. Þegar af þeirri ástæðu njóti þær skoðanir sem birtust í Óðni umræddan dag, þ.á m. þau ummæli sem stefnt sé út af, sérstakrar verndar 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. ótal dómafordæmi íslenskra dómstóla og mannréttindadómstóls Evrópu.

Í Óðni hafi ekkert verið látið í veðri vaka, ekkert gefið í skyn og stefnanda ekkert gefið að sök, eins og við blasi af lestri tilvitnaðra setninga. Þar hafi hins vegar eitt og annað verið sagt berum orðum, en það beindist nær allt að Samkeppniseftirlitinu og annað að þeim úrræðum, sem félagið Festi kynni að hafa. Ekkert af því hafi verið rangt. Í stefnu sé hvergi bent á rangar, staðlausar eða illkvittnislegar staðhæfingar.

Stefnandi hafi, að sögn Samkeppniseftirlitsins, verið skipaður sem sérstakur kunnátumaður til fimm ára, þar sem hinir kunnátumennirnir tveir, sem Festi tilnefndi auk hans, hafi verið útilokaðir frá hæfismati, annar vegna ónógra upplýsinga um starfsferil og hinn vegna fyrri starfa fyrir óbeinan keppinaut. Tengsl stefnanda við yfirstjórn Samkeppniseftirlitsins virðist hins vegar ekki hafa vafist fyrir stofnuninni. Við hæfismatið hafi því ekki verið lagt mat á hvort hann væri hæfastur, heldur aðeins að hann væri ekki óhæfur. Það hafi verið þessi ásýnd sem Óðinn hafi fundið að í grein sinni.

Stefnandi hafi verið skipaður í starfið af Samkeppniseftirlitinu þar sem vinur hans, Ásgeir Einarsson, gegni starfi aðstoðarforstjóra. Í skjóli þessarar skipunar hafi stefnandi gert Festi himinháa reikninga vegna starfa sinna og einhverjum hefði hugsanlega dottið í hug að kalla það sjálfstöku á fé en ekki Óðni. Þá sé ljóst að kostnaðurinn hafi vaxið fleirum í augum en Óðni því eins og fram hafi komið hafi ítrekað verið fjallað um málið í Fréttablaðinu. Stefnandi virðist þó hafa látið hjá líða að stefna ritstjóra blaðsins og útgáfu þess.

Að þessum kostnaði hafi verið vikið í grein Óðins og hann borinn saman við sams konar reikninga annars kunnátumanns í sambærilegu máli, sem hafi verið áttfalt lægri eins og fram hafi kom í fréttum Fréttablaðsins. Efnið hafi því augljóslega átt erindi við almenning og jafnframt sérstaklega við lesendahóp Viðskiptablaðsins, sem geti átt mikið undir opinberu regluverki og kostnaði, sem af því hljótist.

Með hinum umstefndu ummælum og umfjölluninni í heild var einungis verið að lýsa skoðun á vettvangi lýðræðislegrar þjóðmálaumræðu þar sem opinber stjórnsýsla hafi verið tekin til sérstakrar umfjöllunar. Þar verði fjölmiðlar að hafa rúmt svigrúm til þess að lýsa sterkum skoðunum á álitaefnum líðandi stundar. Þá sé mjög mikilvægt að þegar slík gagnrýni sé sett fram njóti hún fullrar verndar tjáningarfrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Það eigi sérstaklega við þegar gagnrýnin beinist að handhöfum opinbers valds og þeim sem starfa í skjóli þess eins og stefnandi.

Hin umstefndu ummæli hafi því átt fullt erindi við almenning og því sé óheimilt að takmarka tjáninguna sem í ummælunum felist. Í því sambandi sé rétt að hafa í huga að lagareglum um tjáningarfrelsi sé ekki einungis ætlað að vernda óumdeilda tjáningu. Slík tjáning þarfnast almennt ekki verndar og því sé tjáningarfrelsinu ætlað að vernda umdeilda tjáningu sem stuðar, móðgar og truflar, sbr. dómaframkvæmd Hæstaréttar og

mannréttindadómstóls Evrópu. Málsókn eins og sú sem stefnandi standi hér fyrir sé til þess fallin að hafa „kælingaráhrif“ og skaði tjáningarfrelsi hér á landi til lengri tíma.

Markmiðið með málaferlunum virðist líka augljóst, að þagga niður í litlum og viðráðanlegum fjölmiðli, öðrum til viðvörunar. Þar skipti það stefnanda ekki öllu máli hvort hann hafi betur eða verr fyrir dómi, hann hafi engu að tapa nema málskostnaði og auðmenn muni ekki um slíka smáaura enda komi fram í stefnu að stefnandi hyggist verja „tildæmdum miskabótum að fullu til góðgerðarmála“. Íslenskir fjölmiðlar berjast vel flestir fyrir lífi sínu þessa dagana, en fyrir lítinn og sérhæfðan fjölmiðil eins og Viðskiptablaðið kosti það bæði dýrmætan tíma og fjármuni að standa í málavafstri af þessu tagi.

Stefnandi geri hér engar athugasemdir við fram komnar staðreyndir málsins, en við þær hafi ekki verið aukið í grein Óðins. Stefnan sé því augljóslega gefin út vegna þess að stefnandi sé ósáttur við þær skoðanir, sem þar séu settar fram. Það sé ekki grundvöllur málshöfðunar samkvæmt tilvitnuðum lagagreinum eða dómvenju. Allt hafði þetta komið fram á öðrum vettvangi áður og í grein Óðins hafði verið tekið tillit til framkominna athugasemda Samkeppniseftirlitsins. Í heild hafi þetta efni þannig í reynd verið sett fram sem skoðun og útlekking á fréttáflutningi annarra tilgreindra fjölmiðla sem vísað hafði verið til með skilmerkilegum hætti í Óðni. Stefndi hafi verið og sé í góðri trú um að þeir fjölmiðlar hafi við gerð fréttanna sinna gætt grundvallarreglna, sem fjölmiðlum beri að virða, sbr. meðal annars 1. mgr. 26. gr. laga nr. 38/2011 og síðareglur Blaðamannafélags Íslands. Ummæli sem séu endurbirt með þessum hætti sæti ekki ómerkingu á grundvelli 241. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 234. og/eða 235. gr. þeirra.

Samkvæmt viðurkenndum kenningum fræðimanna og dómaframkvæmdar íslenskra dómstóla og Mannréttindadómstóls Evrópu njóti blaðamaenn og fjölmiðlar rýmkaðs tjáningarfrelsis í störfum sínum enda sé það hlutverk fjölmiðla í lýðræðislegu samfélagi að miðla upplýsingum um mikilvæg málefni. Að mati stefnda sé ljóst að inntak skoðanagreinar Óðins sneri að slíku málefni. Þegar takmörkun á tjáningarfrelsi beinist að fjölmiðlum beri í ljósi þessa að taka sérstakt tillit til stöðu og hlutverks fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi. Stefndi sé blaðamaður og meðstefndi útgefandi fjölmiðils. Stefndu njóta því þessarar aukinnar verndar sem 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttinasáttmála Evrópu tryggi fjölmiðlum.

Stefndu taki undir það sem fram komi í stefnu að stefnandi sé þjóðþekktur einstaklingur. Það sé því óumdeilt í málinu að stefnandi er opinber persóna og því sé rýmkað tjáningarfrelsi hvað varðar umfjöllun um hann. Einmitt þess vegna þurfi hann öðrum fremur að una snarpri orðræðu um sig. Það eigi síðan enn frekar við þegar orðræðan sé hluti af víðtækari þjóðmálaumræðu sem varði almannahagsmuni og snúi að opinberri skipun stjórnvalds á stefnanda í starf þar sem hann virðist rukka margfalt meira

en annar maður í sambærilegu starfi. Stefnu njóti því rýmkaðs tjáningarfrelsis gagnvart stefnanda.

Þá liggja fyrir að Óðinn hafi sérstaklega gætt að því geta andstæðra sjónarmiða í skoðanagrein sinni 8. apríl 2020 og hafi m.a. vísað sérstaklega til athugasemda Samkeppniseftirlitsins. Með sama hætti hafi stefndi birt að eigin frumkvæði sérstaka frétt þar sem fjallað hafi verið um grein forstjóra Samkeppniseftirlitsins í Kjarnanum. Vinnubrögð stefnda hafi því verið í samræmi við viðurkennd og vönduð vinnubrögð blaðamanna og siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Skoðanapistill Óðins hafi því verið unninn og birtur í góðri trú enda hafi því sem þar hafi komið fram í engu verið hnekk.

Síðast en alls ekki síst hafi stefnanda ítrekað verið gefinn kostur á andsvörum sem sé bæði í samræmi við vönduð vinnubrögð í blaðamennsku og ákvæði 1. mgr. 36. gr. fjölmiðlalaga. Engin skilyrði hafi verið sett fyrir birtingu andsvarsins af hálfu stefndu. Stefnanda hafi því verið frjálst að koma á framfæri andsvari samhliða höfðun dómsmáls þessa. Stefnandi hafi hins vegar hafnað ítrekuðum boðum um birtingu andsvars í Viðskiptablaðinu og netmiðli þess.

Að mati stefnda sé refsikrafa stefnanda haldin verulegum annmörkum, en ekki verði betur séð en að stefnandi eftirláti héraðsdómi að heimfæra þá háttsemi sem krafist sé refsingar fyrir til refsíákvæða, þ.e. hvort hin meintu brot feli í sér móðgun, aðdróttun eða brigsl. Refsikrafan sé því valkvæð og verknaðarlýsing í refsikröfunni svo áfátt að vandséð er að lagður verði á hana dómur. Því hljóti að koma til skoðunar að vísa refsikröfunni frá dómi án kröfu (ex officio). Verði það ekki gert krefst stefndi, Trausti, sýknu af henni þar sem hin umstefndu ummæli feli hvorki í sér móðgun, aðdróttun né brigsl í garð stefnanda. Um nánari rök fyrir því sé vísað til rökstuðnings fyrir sýknukröfu stefnda af ómerkingarkröfu stefnanda. Því til viðbótar bendi stefndi á að sá ósiður að dæma menn til refsingar vegna ærumeiðinga sé löngu aflagður á Íslandi þó að heimildin sé enn í lögum. Lagafrumvarp sem afleggi þessa tímaskekkju sé til meðferðar á Alþingi.

Við blasi að stefnandi hafi ekki sýnt fram á neinn miska, sem rekja megi til birtingar á grein Óðins, en rétt sé að minna á að hann hafi hvorki mótmælt né stefnt útgáfu Fréttablaðsins, þar sem sömu staðreyndir og atvikalýsing komu fram. Sé það þó miklum mun útbreiddari fjölmiðill. Enn síður sé miskakrafan reist á fjárhagslegu eða málefnalegu mati, heldur virðist upphæðin dregin upp úr hatti. Hafi æra stefnanda skaðast þá sé rótina ekki að rekja til birtingar greinar Óðins. Það sem þar hafi verið tíundað hafi verið áður fram komið efni úr opinberum gögnum, yfirlýsingum og fréttum annars miðils, sem ekki hafi verið mótmælt. Með því að greina frá þeim staðreyndum málsins og lýsa skoðunum á þeim og samhengi þeirra felist engin meingerð gagnvart stefnanda og úr lausu lofti gripið að á hann hafi verið bornar sakir um lögbrot. Óháð málsúrslitum ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um miskabætur.

Viðskiptablaðið sé lítið og sérhæft blað með takmarkaða almenna útbreiðslu, hvort heldur sé á prenti eða vef. Prentútgáfan kunni að hafa blasað við í fjölmörgum verslunum, en viðskiptavinirnir hafi þá þurft að taka blaðið upp, fletta aftur á síðu 12 og lesa lengstu grein tölublaðsins til þess að hnjóta um ummælin. Lesturinn á vef blaðsins hafi verið talsverður miðað við það sem gerist, en við birtingu stefnunnar hafði greinin verið sótt 8.621 sinni. Viðskiptablaðið hafi ekki upplýsingar um hversu margir lesendur séu þar að baki, en þeir séu að líkindum um 10% færri en sóknirnar. Í stefnu segir að fylgjendur Viðskiptablaðsins á Fésbók telji tugi þúsunda. Hið rétta sé að þeir séu 18 þúsund. Sama hvernig á þá tölu sé lítið sé ekki hægt að tala um tugi þúsunda fylgjenda. Til samanburðar megi nefna að fylgjendur Fréttablaðsins séu yfir 50 þúsund talsins. Enn fremur sé í stefnunni látið í veðri vaka að grein Óðins, sem birtist á vefsíðu Viðskiptablaðsins 13. apríl, hafi verið kostuð á Fésbók. Það sé ekki rétt.

Að lokum taka stefndu fram að stefnanda hafi ítrekað verið gefinn kostur á andsvörum í blaði og vef með ekki minna áberandi hætti en upphafleg grein er, en það boð hafi hann ekki viljað þekkjast. Nú krefjist hann hins vegar birtingar í margfalt útbreiddari miðli, sem ekki sé í neinu samræmi við útbreiðslu hinna umstefndu ummæla. Óháð málsúrslitum beri því að sýkna stefnda, Trausta, af kröfu stefnanda um greiðslu kostnaðar af birtingu forsendna og dómsorðs dóms í málinu í víðlesnu dagblaði. Með sama hætti ber að sýkna meðstefnda, Myllusetur ehf., af kröfu stefnanda um birtingu forsendna og dómsorðs dóms í málinu í Viðskiptablaðinu og netmiðli blaðsins að viðlögðum dagsektum.

#### IV

##### Niðurstæða

Í máli þessu krefst stefnandi þess að tiltekin ummæli verði dæmd dauð og ómerk á grundvelli 1. mgr. 241. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 þar sem þau hafi falið í sér ærumeiðandi móðganir og aðdróttanir gagnvart sér sem fari gegn 234. gr. og 235. gr. laganna. Þá krefst hann miskabóta á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993. Stefnandi telur að með ummælunum hafi verið brotið gegn friðhelgi einkalífs hans sem varin sé af 71. gr. stjórnarskrárinnar. Ummælin séu ósönn og tilhæfulaus og til þess fallin að svarta æru sína. Ofangreindum kröfum sínum beinir stefnandi að stefnda, Trausta, ritstjóra Viðskiptablaðsins, og krefst þess að honum verði gerð refsing á grundvelli 236. og 237. gr. laga nr. 19/1940 og að hann verði dæmdur til að greiða honum tiltekna fjárhæð til að kosta birtingu dóms í málinu með vísan til 2. mgr. 241. gr. laganna. Þá beinir hann þeirri kröfu að stefnda, Myllusetri ehf., að félagið verði dæmt til að birta forsendur og dómsorð í máli þessu í prentmiðlinum Viðskiptablaðinu og á netútgáfunni [www.vb.is](http://www.vb.is), sbr. 59. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla, að viðlögðum dagsektum.

Stefndi, Trausti, krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda með vísan til þess að engin tilgreindra ummæli hafi falið í sér ærumeiðingar á nokkurn hátt. Þau feli í sér gildisdóma en séu ekki staðhæfingar um staðreyndir og séu hluti af mikilvægri samfélagslegri umræðu. Þá fela ummælin ekki í sér ólögmeta meingerð gegn æru hans auk þess sem ummælin í A- og B-lið í kröfuflið 1 beinist ekki að stefnanda. Því beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna hann á grundvelli aðildarskorts hvað þessi ummæli varðar. Þá hafa stefndu vísað til tjáningarfrelsisákvæðis 73. gr. stjórnarskrárinnar sem ekki verði takmarkað nema að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram komi í 3. mgr. greinarinnar en þau séu ekki uppfyllt í málinu. Þá hafa stefndu einnig bent á að fjölmiðlar njóti ríkrar verndar þegar komi að tjáningarfrelsi vegna þess hlutverks sem þeir hafi í lýðræðisþjóðfélagi. Stefndi, Myllusetur ehf., krefst þannig sýknu af kröfum stefnanda þar sem með birtingu ummælanna hafi ekki verið brotið gegn friðhelgi einkalífs stefnanda eða verið brotið gegn ákvæðum hegningarlaga.

Stefndi, Trausti, hefur á því byggt að refsikrafa stefnanda sé svo óljós að henni beri að vísa frá dómi án kröfu (ex officio). Dómurinn fellst ekki á þau sjónarmið og telur refsikröfuna fram setta með fullnægjandi hætti enda er í stefnu því lýst með ítarlegum hætti hvernig stefnandi telur umstefnd ummæli brjóta í bága við ákvæði 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940 sem, ef á verður fallist, kunna að vera refsiverð samkvæmt 236. og 237. gr. laganna, en lög eru enn óbreytt hvað þetta varðar, þótt ekki komi ávallt til beitingar þeirra í dómaframkvæmd.

Í máli þessu er, samkvæmt ofangreindu, tekist á um mörk tjáningarfrelsis, sem nýtur verndar samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og friðhelgi einkalífs, sem varin er af 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmálans. Í 73. gr. er mælt fyrir um að allir séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en hann verði að ábyrgjast þær fyrir dómi. Þá segir í 3. mgr. greinarinnar að tjáningarfrelsi megi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu, öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs, enda teljist þær skorður nauðsynlegar og samrýmast lýðræðishefðum. Reglan er víðtæk og þarf töluvert til að koma svo þessi réttindi verði skert í lýðræðissamfélagi. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um vernd friðhelgi einkalífs manna og fellur æra og mannorð undir hugtakið einkalíf í þeirri grein. Regla þessi er einnig víðtæk og sett til verndar einstaklingum í innbyrðis samskiptum þeirra. Hún lýtur m.a. að rétti þeirra til að njóta friðhelgi um lífshætti sína og einkahagi, samskipti og tilfinningalíf. Takmarkanir á friðhelgi einstaklinga eru einungis réttlætanager, samkvæmt 3. mgr. greinarinnar, ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra, þ.e. réttindi annarra eru markmið takmörkunarinnar.

Fyrirnefnd stjórnarskrárákvæði hafa grundvallarþýðingu við túlkun og beitingu þeirra lagaheimilda sem ætlað er að tryggja nánar eða takmarka þá vernd sem ákvæðin mæla fyrir um. Á það við um ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ.á m. 234. og 235. gr. laganna, sem á reynir í þessu máli og hafa vernd mannorðs og æruvernd að leiðarljósi, og b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, þar sem mælt er fyrir um tiltekna takmarkanir á tjáningarfrelsi í þágu friðhelgi einkalífs og einnig reynir á í málinu.

Óumdeilt verður að telja að í lýðræðisþjóðfélagi gegni fjölmiðlar mikilvægu hlutverki við að miðla upplýsingum um málefni sem varða almenning og hafa samfélagslega skírskotun. Í þessu hlutverki fjölmiðla felst raunar einnig skylda þeirra til að fræða og upplýsa borgarana um hvers kyns þjóðfélagsleg málefni. Leiðir af þessu tvennu að játa verður fjölmiðlum ríkt svigrúm til að gera grein fyrir málum sem veita upplýsingar um málefni sem eiga erindi við almenning. Það þurfa því að vera fyrir hendi ríkar ástæður svo að frelsi fjölmiðla til að miðla upplýsingum verði skert.

Þegar metið er hvar draga skuli mörkin milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs í slíkum tilvikum skiptir því máli hvort það efni sem birt er geti talist þáttur í þjóðfélagslegri umræðu sem eigi þannig erindi til almennings. Framsetning umrædds efnis, vinnubrögð sem viðhöfð eru við undirbúning viðkomandi fjölmiðlaefnis, möguleg gagnaöflun, trúverðugleiki heimilda o.fl. eru einnig atriði sem hafa þýðingu þegar leitað er þessa jafnvægis tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs. Ljóst er því að hagsmunamatið ræðst af mörgum þáttum og aðstæður þarf að skoða í hverju tilviki fyrir sig.

Að þessu sögðu og með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum tekur dómurinn fram að ljóst megi vera af efni þeirra umfjöllunar sem um er deilt í málinu að hún hafi varðað málefni sem alla jafnan verður að telja að varði almenning, þ.e. starfsemi eftirlitsstofnana og kostnað við eftirlit og framkvæmd þess og hafi þannig verið hluti af sjálfsagðri og hefðbundinni þjóðfélagsumræðu. Þá er komið fram í málinu að stefnanda var gefinn kostur á að koma að sínum sjónarmiðum sem birt yrðu í blaðinu og á vefsíðu þess, eins og hann hefur og heimild til samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 38/2011. Stefnandi kaus ekki að nýta sér þá leið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við efni ummælanna og framsetningu þeirra eða, eftir atvikum, leiðréttingum, teldi hann það nauðsynlegt. Þá verður einnig að líta til þess að stefndi birti á vefsíðu sinni umfjöllun er laut að grein forstjóra Samkeppniseftirlitsins og áður er getið.

Einstök ummæli eru rakin hér framar í kröfugerð stefnanda og sjónarmið málsaðila varðandi hvert og eitt þeirra í köflum um málsástæður þeirra. Stefnandi, Trausti, hefur krafist sýknu af ummælum í A- og B-lið í kröfulið 1 þar sem þau beinist ekki að stefnanda. Fyrir liggur að stefnandi er nefndur á nafn í A-lið en það á ekki við um B-lið. Stefnandi telur ljóst að bæði ummælin eigi augljóslega við um hann vegna samhengis umfjöllunarinnar. Dómurinn telur ekki efni til að sýkna stefnda, Trausta, af ummælum í

A-lið á þeim grunni að þau eigi ekki við um stefnanda. Á hinn bóginn verður hann þegar af þessari ástæðu sýknaður af kröfu vegna ummæla í B-lið í kröfulið 1 sem ekki verður séð að beinist að honum sem slíkum, þrátt fyrir það samhengi sem þau eru sett fram í.

Hvað varðar nánar ummælin í A- og C-lið, og raunar einnig ummæli í B-lið, verður að fallast á með stefnda, Trausta, að þau feli í sér gildisdóma og þá verður stefnanda ekki gert að sanna eins og alkunna er. Er við þetta horft til framsetningar og orðalags ummælanna, blæbrigða þeirra, þess samhengis sem þau eru sett fram í og efnisumfjöllunarinnar í heild. Verður að telja ljóst að í ummælunum sé sá er ritar að setja fram sína skoðun og huglægt mat eða upplifun á málefninu. Breytir því ekki hvort ummælin eru skoðuð ein og sér eða sem hluti af stærri umfjöllun, að hér er um gildisdóma að ræða af hálfu þess er ritar en ekki staðhæfingar um staðreyndir. Ljóst er einnig að framsetning er með þeim hætti að lesendum er látið það eftir að mynda sér skoðun eða taka afstöðu til þess sem í ummælunum greinir. Þá hefur dómurinn áður nefnt að þau eru sett fram um málefni sem er hluti af þjóðfélagslegri umræðu. Þá verður heldur ekki fram hjá því horft að fréttir svipaðs efnis, eða efnislega sambærileg umfjöllun, höfðu skömmu áður birst í öðrum fjölmiðlum. Verður því að líta svo á að staðreyndapáttur þessara ummæla sé nægilega ríkur og tenging þeirra við umfjöllunarefnið augljós. Verður einnig að horfa til þess rýmkaða tjáningarfrelsis sem fjölmiðlar njóta í nútímasamfélagi og þess að stefnandi er þjóðkunnur einstaklingur eins og fram kemur í stefnu málsins. Verður samkvæmt öllu framansögðu fallist á sjónarmið stefndu í málinu um að ummælin hafi ekki falið í sér ærumeiðandi ummæli í garð stefnanda í skilningi tilgreindra ákvæða laga nr. 19/1940. Verður ekki fallist á kröfu stefnanda um ómerkingu þessara ummæla og stefndu sýknuð af öllum kröfum hans hvað þau varðar.

Að öllu framangreindu virtu telur dómurinn að sú tjáning sem fólst í öllum umstefndum ummælum hafi fallið innan marka 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, eins og greinarnar verða skýrðar samkvæmt þeim sjónarmiðum sem rakin hafa verið og ráðin verða af dómaframkvæmd íslenskra dómstóla og Mannréttindadómstóls Evrópu. Þá verður ekki talið að gengið hafi verið nær einkalífi stefnanda, í skilningi 71. gr. stjórnarskrárinnar, en óhjákvæmilegt var. Falla ummælin því hvorki undir 234 gr. né 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verða ummælin ekki talin hafa falið í sér ólögmæta meingerð gegn persónu hans og æru, í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sem veiti honum rétt til miskabóta úr hendi stefndu. Verður stefndi samkvæmt þessu sýknaður af kröfu um ómerkingu ummæla, miskabætur og refsikröfu stefnanda auk kröfu er lýtur að kostnaði við birtingu dóms í málinu. Þá verður stefndi, Myllusetur ehf., sýknað af kröfu stefnanda er lýtur að birtingu forsendna og dómsorðs í máli þessu.

Samkvæmt framangreindu hefur öllum kröfum stefnanda verið hafnað. Verður stefnanda því gert að greiða stefndu málskostnað sem er ákvarðaður í einu lagi og talinn



hæfilega ákveðinn 1.500.000 krónur. Af hálfu stefnanda flutti málið Jón Magnússon lögmaður og af hálfu stefndu Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Stefndu, Trausti Hafliðason og Myllusetur ehf., eru sýkn af öllum kröfum stefnanda, Lúðvíks Bergvinssonar.

Stefnandi greiði stefndu 1.500.000 krónur í málskostnað.

Hólmfríður Grímsdóttir (sign.)